

*Alþingi**Erindi nr. P/121763**komudagur 28/3 1990*

LÖG UM AFHENDINGU SJÚKRASKRÁA

Í lækna­lögum er tóku gildi 1. júlí 1988 segir svo í 16. grein: "Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings.

Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Lækna­fé­lags Íslands."

Læknar hundsá lögin.

Sama dag og lögin tóku gildi krafðist ég þess í nafni þeirra að fá afhentar gamlar sjúkraskrár um mig á geðdeild Borgarspítalans, þar sem Hannes Pétursson er yfirlæknir og á Kleppsspítalanum, þar sem yfirlæknir er Tómas Helgason. Þetta gerði ég til að ganga úr skugga um hver væri í reynd réttur sjúklinga hvað sjúkraskrár varðar.

Í svari Tómasar Helgasonar sagði að hann hafi snúið sér "til landlæknis til þess að leita leiðbeininga hans um hvernig haga skyldi framkvæmd í sambandi við 16. grein hinna nýju lækna­laga. Þegar þessar leiðbeiningar hafa borist mun ég svara bréfi yðar..."

Hannes Pétursson synjaði hins vegar að afhenda sjúkrakrána.

"...Sjúkraskrár eru ekki afhentar af geðdeild Borgarspítalans, en aðilum bent á að þeir geti haft samband við embætti landlæknis í slíkum tilfellum".

Þessa afgreiðslu taldi ég ekki í samræmi við 16. grein lækna­laga. Gerði ég Hannesi grein fyrir því álitinu mínu og ítrekaði beiðni mína um afhendingu. Hannes Pétursson svaraði engu.

Ég leitaði því til umboðsmanns alþingis í ársbyrjun í fyrra þann 29. desember s.l. felldi hann svohljóðandi úrskurð í lok rökstuddrar skýrslu:

" Það er því niðurstaða mín, að fara beri með umrædda beiðni Sigurðar Þórs Guðjónssonar um afhendingu sjúkraskráa samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. mgr. 16. gr. lækna­laga nr. 53/1988. Eru það tilmæli mín, að landlæknir og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjái til þess að nefndum lagareglum verði fylgt, að því er beiðni Sigurðar varðar."

2

Þess skal getið að umboðsmaður tók ekki afstöðu til merkingar orðalagsins að "afhenda" sjúkraskrá. Álit umboðsmanns sendi ég Hannesi Pétursson og fór enn fram á að fá sjúkraskrá mína. En Hannes hefur því engu sinnt. Umboðsmaður alþingis fjallaði eingöngu um mál Hannesar. En ég hef einnig ítrekað beiðni mína til Tómasar Helgasonar um afhendingu sjúkraskráa en hann svarar ekki.

Landlæknir hefur tjáð mér að nefndir yfirlæknar synji afhendingu sjúkraskráanna og hann kunni engin ráð til að náð þeim úr höndum þeirra. Þess vegna ritaði ég nýlega heilbrigðisráðherra bréf þar sem ég bað hann að sjá til þess að farið verði að tilmælum umboðsmanns alþingis og gildandi lögum verði framfylgt þegar í stað. En ráðherra lýsir einnig yfir vanmætti sínum.

Breytingartillaga um 16. greinina.

Nú hefur heilbrigðisráðherra lagt fyrir alþingi frumvarp til laga um breytingu á lækna­lögum nr. 53 1988. Þar er gert ráð fyrir að 16. greinin hljóði svo:

" Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læk­nis sem hana færir.

Lækni er skylt að afhenda sjúklingsi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, alla eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum, sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læk­nismeðferðar. Gildir þetta einnig um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga.

Nú telur læknir að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit af sjúkraskrá og skal læknir þá án tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari fyrirgreiðslu.

Landlæknir skal innan fjögurra vikna ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa að fengnum tillögum landlæk­nis og Lækna­fé­lags Íslands."

Á því er engin vafi að mál mitt hjá umboðsmanni alþingis átti nokkurn þátt í því að menn tóku að endurskoða 16. grein lækna­laga nr. 53 1988. Þess vegna vil ég nota tækifærið og hugleiða þessa lagagrein almennt og sérstaklega fyrirhugaða breytingu á henni. Vona ég að það geri þingmönnum ekki erfiðara fyrir að taka afstöðu og alþýðu manna að skilja eðli þessa máls er snertir hvert mannsbarn í landinu.

Áður en lengra er haldið skal tekið fram að orðin

"sjúkraskrá", "sjúkraskýrsla" og "sjúrnall" eru notuð sem samheiti í þessari ritgerð og merkja safn hvers kyns skráðra gagna um sjúklinga. Röntgenmyndir og önnur hliðstæð óskráð sjúkragögn eru hér ekki til umræðu.

Hvað merkir "að afhenda".

Í 16.gr.læknalaga sem nú hafa verið í gildi í 20 mánuði stendur skýrum stöfum: Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá" .o.s. frv.

Maður skyldi ætla að lögmerking orða og orðasamband geti ekki vikið mjög langt frá málfræðimerkingu. Nú þýðir orðalagið að "afhenda" einfaldlega það að "láta af hendi" en ekki "afnot" eða "afrit" af einhverju. Það skilja allir. Talað var um afhendingu handritana frá Dönum til Íslendinga. Þess vegna er eðlilegt að einstaklingar sem krafist hafa afhendingar sjúkraskráa, líti þannig á að "afhending" merki afhendingu eftir orðanna hljóðan, en ekki eitthvað allt annað. Þess vegna gætu sjúkraskrárnar farið út af heilbrigðisstofnunum og þær hafi ekki meira af þeim að segja; yfirráðarétturinn færir frá sjúkrastofnun til sjúklings. Í bréfum mínum til Hannesar og Tómasar lagði ég þennan skilning í orðalag 16.gr.læknalaga enda liggur hann röklega-og málfræðilega beint við. Og mér lék einmitt hugur á að vita hvort sá skilningur yrði viðurkenndur. Að sjálfsögðu hefði ég gert aðrar kröfur eftir öðru og ótvíræðara orðalagi.

Ef það var vilji löggjafans að "afhending" merkti "afnot" eða "afrit" af sjúkraskrá er orðalagið, eins og það er skráð, vítaverð ónákvæmni, er leiðir almenning í villu og bakar einstaklingum óþarfa angur. Það var kastað höndum til þessarar lagasetningar og það bitnar á engum nema sjúklingum. Og því fer fjarri að fyrirhugaðar breytingar á 16.grein læknalaga eyði öllum vanköntum hennar, rökleysum og takmörkunum. Mun ég nú sýna fram á það.

Ólíkar forsendur.

Til að byrja með er nauðsynlegt að skilja hvað liggur að baki þeirri hugsun að fólk fái yfirleitt að sjá sjúkraskýrslur sínar. Hún er eingöngu mannréttindaleg og rís upp af þeirri viðurkenningu allra menningarsamfélaga að það séu einhver veigamestu mannréttindi hvers manns að einkalíf hans sé virt. Mannréttindahugsun nútímans krefst þess að einstaklingar fái að vita hvað um þá er skráð af opinberum stofnunum. **Krafan um aðgang að eða afhendingu á sjúkraskýrslu á því ekki læknisfræðilegar forsendur.** En forsenda þess að lækna eða sjúkrastofnanir geri skýrslur og geymi þær er auðvitað eingöngu læknisfræðileg. Þetta liggur í augum uppi. Og þessir ólíku útgangspunktur skapa mótsagnir er valda ýmiss konar ágreiningi.

Hvers vegna á að geyma sjúkraskrár?

En hvers vegna á að geyma sjúkraskrár eftir að sjúklingur útskrifast? Margir lækna telja raunar að langtíma geymsla á sjúkraskrár þjóni engum tilgangi svo um þetta eru a.m.k. skiptar skoðanir. En ástæðurnar hljóta væntanlega að vera mikilvægar.

Hverjar eru þær? Hafa lækna rökstudd þær? Þekkja alþingismenn þau rök? Það er blátt áfram engin leið fyrir þingmenn að smíða heilstæða löggjöf um meðferð sjúkraskrára nema ótvíræð rök komi frá læknum um nauðsyn geymslu á þeim löngu eftir útskrift sjúklings, jafnvel eftir andlát hans. Þetta grundvallaratriði varðar alla landsmenn og því á slíkur rökstuðningur að koma fram opinberlega. Þarna flækjast e.v.t. inn í málið þriðju "hagsmunirnir" ef hagsmuni skyldi kalla: tregða völdugra alþjóðlegra kennivalda til að gefa eftir yfirráð sín á sviðum þar sem þau hafa verið einráð. Auðvitað skerðir það völd lækna að þurfa allt í einu að taka tillit til sjúklunga um afhendingu sjúkraskrára. Neitun þeirra á afturvirkni 16. greinar lækna laga stafar einmitt af svona "tregðuhagsmunum". Margra ára sjúkraskrár um nánast alla þjóðina eru geymdar á heilbrigðisstofnunum. Lög um afhendingu þeirra væru tilgangslaus ef þau væru ekki afturvirk. Tregðu viðbrögð af þessu tæi þjóna hvorki sjúklingunum né vísindunum. Þau miða eingöngu að því að viðhalda völdum lækna í þjóðfélaginu. Það skyldi þó aldrei vera að tregðulögmálið sé einnig að einhverju leyti að verki í langtíma geymslu sjúkraskrára. Alþingismönnum ber auðvitað að skilja hvers kyns gervi hagsmuni valdaaðila frá raunverulegum hagsmunum samfélagsins þegar þeir setja lög í almannabágu.

Eignaréttur á sjúkraskrár.

Sjúkraskýrslur skipa sérstöðu meðal þeirra persónulegu upplýsinga er stofnanir samfélagsins hafa undir höndum um þegnana. Á þeim eru svo nærgöngular og persónulegar upplýsingar að þær eru nánast framlengin af okkur sjálfum. Þær eru um starfrænt ásigkomulag líkama okkar, skynjana, hugsana og tilfinninga, en allt þetta er bókstaflega við sjálf. Slík skrásetning heggur miklu nær sjálfsímynd okkar en t.d. upplýsingar um eignir okkar og peninga, jafnvel trúarskoðnir og pólitískar meiningar. Skoðanir okkar eru ekki við sjálf en líkamir okkar og tilfinningar eru það. Í lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga nr. 121/1989 segir t.d. í 4. grein, að óheimil sé skráning ýmissa upplýsinga um einkamálefni einstaklinga, svo sem um litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð, hvort maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, kynlíf og heilsuhagi, lyfja-áfengis- og vímuefnanotkun, veruleg félagsleg vandamál.

Það er sem sagt bannað að skrá álíka upplýsingar og eru í sjúkraskrá nema með alveg sérstökum lögum. Svo persónulegar og viðkvæmar eru slíkar upplýsingar taldar og því nauðsynlegt að vernda fólk fyrir skráningu þeirra. (Þess má geta að ég veit með vissu um geðsjúrnal. þar þar sem tengsl sjúklings við "kommúnista" voru tíunduð) Það er því augljóst að sjúkraskýrslur eru nærgöngulustu einkamálaskýrslur sem til eru í þjóðfélaginu. Réttur fólks til að kynna sér þær og fá þær afhentar er því hvergi mikilvægari.

Að mínum dómi skiptir formlegur eignaréttur sjúkraskráa litlu eða engu máli. Hann yrði ávallt skilyrðum bundinn. Og það veltur á öllu hver þau skilyrði eru.

Hugsanavilla í lögnum.

Eins og ég hef bent á eru ástæðurnar fyrir því að fólk eigi heimtingu á afhendingu sjúkraskráa eingöngu mannréttindalegar, en nauðsyn þess að geyma skrárnar eingöngu læknisfræðilegar, ef þær eru þá nokkrar. Þess vegna eru þessi feitletuðu orð í 16. grein lækna laga beinlínis hugsanavilla: "Lækni eru skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings". Frá mannréttindasjónarmiði í lýðræðisþjóðfélagi hlýtur það ávallt að vera réttur hvers manns að komast í skýrslur stofnanna eða einstaklinga um einkamál hans. Sá réttur er í eðli sínu ótvíræður. Annars yrði hann einskis virði. Það er því fyrsta hugsanavillan að þessi réttur fólks til að kynna sér skjöl um einkamál þeirra sé ekki ávallt talin ótvíræður. Orðið "sjúklingur" er óþarft í þessari umræðu þó það sé oft notað hér af vana. Því málið snýst ekki um "sjúklinga" vegna sjúkdóma þeirra, heldur um rétt þegnanna yfirleitt gagnvart skýrslum um einkahagi þeirra, sem í þessu sérstaka tilfelli eru reyndar sjúkraskrár. Önnur hugsanavillan leiðir af hinni fyrri: að lækni eigi að meta rétt sjúklings í þessu sambandi. Það nær í ljósi þessarar rökræðu engri átt að lækni út frá læknisfræðilegum forsendum meti mannréttindana nauðsyn sjúklings, sem hér er ranglega kölluð "hagsmunir", nauðsyn sem er í eðli sínu alveg ótvíræð.

Orðalag 16. greinarinnar felur raunar í sér að lækni geti neitað með öllu að afhenda skýrslurnar: ef hann telur ótvírætt að það þjóni ekki "hagsmunum sjúklings" og telji á því engan vafa. Þá þyrfti hann ekki einu sinni að afhenda landlækni gögnin til frekari fyrirgreiðslu. Í framkvæmd þýðir þessi fyrirvari að réttur sjúklings til að fá afhenta sjúkraskrá, hvaða merkingu sem lögð er í afhendinguna, er komin undir alræði læknisins og honum er í lófa lagi að beita því hvenær sem honum býður svo við að horfa. Af þessum sökum er breytingartillagan um þetta efni til mikilla bóta. Hún kemur í veg fyrir geðþótta neitanir lækna. En landlækni er þá gert að skera úr um "hagsmuni sjúklings" og fær til þess ákveðinn frest. Nú er landlækni reyndar lækni og mótsögnin er felst í því að lækni meti mannréttindi einstaklinga er eftir sem

áður óleyst.

Það er viðbúið að lækna komi skýrslum til landlæknis beinlínis til að losna við þá óþægilegu ábyrgð að taka sjálfir ákvörðun um afhendingu. Og verður landlæknir ekki öfundsverður af hlutverki sínu.

Fyrirvara um "hagsmuni" sjúklunga til að fá afhentar sjúkraskrár á að fella brott með öllu. Fyrir utan það að vera rökleysa er erfitt að ímynda sér hvaða skaða fullveðja fólk getur beðið af því að sjá sjúkraskrár sínar.

Fyrningatími.

Hvað á að geyma skýrslur lengi eftir síðustu innlögn sjúklings? Eitt ár, tíu ár, þrjátíu ár? Til dauða sjúklings, tíu ár eftir dauða sjúklings eða á jafnvel aldrei að farga skýrslunum?

Og hér komum við að aðalatriði málsins.

Það er út í hött að setja lög um afhendingu sjúkraskráa nema jafnframt sé höfð hliðsjón af fyrningatíma. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra ákveði geymslutímamann með reglugerð að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands. Það þýðir í raun að lækna ráða þar mestu. Mér hefur ekki tekist að afla upplýsinga um fyrirhugaðan geymslutíma sjúkraskýrslna í þeirri reglugerð sem nú er í smíðum.

En hvernig hefur geymslu þeirra verið háttað hingað til? Um það hafa ekki verið til nein landslög. Sjúkrahúsin hafa ráðið því upp á eigin spýtur. Í dreifibréfi landlæknis nr. 6/1985 segir svo um þetta: "Útskriftarbréf (læknabréf eða hliðstætt bréf) skal geymda um ótakmarkaðan tíma... Sjúkraskrár heilsugæslustöðva, læknastofa og sjúkrahúsa skal geyma í minnst 30 ár frá síðustu færslu eða 10 ár frá andláti sjúklings". Síðan er nánar kveðið á um hvaða gögn þetta eru og greint frá geymslu ýmissa annarra gagna.

Ef sú reglugerð sem nú er í smíðum líkist þessum reglum, verða þeir, sem leggjast inn á sjúkrahús, þó ekki sé nema stuttan tíma á yngri árum, að una því að vera í skjalasöfnum stofnunarinnar alla æfi sína og heilan áratug eftir lát sitt hvað venjulega sjúkraskrá varðar, en til dómisdags hvað útskriftarbréf snertir.

Alþingi á ekki að láta læknum og heilbrigðisráðuneyti eftir að ákvarða geymslutíma sjúkraskráa. Alþingi á sjálft að setja lög um það jafnhliða afhendingu.

Leiðrétting og eyðing á sjúkraskrá.

Gerum nú ráð fyrir að breytingartillagan við 16. gr. lækna laga verði samþykkt og fólk fái afrit af sjúkraskrá. Þá

7

telur einstaklingur að skráðar upplýsingar séu rangar og villandi eða hafi jafnvel misst gildi sitt í heild (það er auðvelt að sýna fram á það að sjúkraskrár geti misst gildi sitt).Getur hann þá krafist þess að villurnar séu leiðréttar eða skránum eytt að hluta til eða alveg ?

Í lækna­lögum um sjúkraskrár er ekki kveðið á um þetta mikilvæga atriði. En gildir þá 14. grein laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga nr. 121 1989 um sjúkraskrár? En sú lagagrein tryggir hinum skráðu þessi réttindi þar sem hún á við. Það er næsta víst að læknar muni ekki þegjandi og hljóðalaust fallast á að þetta ákvæði eigi við um sjúkraskrár.

En fáir einstaklingur að lesa sjúkraskrá sína, en geti engu um hana þokað, þó hann telji hana ranga og villandi, eða að hún hafi misst gildi sitt, en skráin eigi að síður geymd alla æfi hans og jafnvel lengur, er það hrein ógnun við mannréttindi einstaklingsins. Ekki síst þegar um geðskýrslur er að ræða. Um þetta vísa ég til greinar minnar "Sjúkraskrár og mannréttindi" í Morgunblaðinu 4. mars 1988.

Að mínum dómi er það skylda löggjafans að tryggja sjúklingum með lögum á móta rétt varðandi sjúkraskrár og lög nr. 121 1989 veita fólki almennt varðandi skýrslur um einkahagi þeirra. Réttur manna varðandi einkamála­skýrslur á hvergi að vera meiri en um sjúkraskrár, af því að þær eru viðkvæmustu og nærgöngulustu persónuupplýsingar sem til eru.

Vernd fyrir "vísindarannsóknnum".

Réttleysi fólks hvað snertir notkun sjúkraskýrslna í hvers kyns "vísindatilgangi" sem ekkert kemur meðferð á því við er algert. Nefni ég þar ~~þetta~~ þetta dæmi: Í Læknablaðinu 3. tbl 1982 ritar Lárus Helgason yfirlæknir Kleppsspítalans greinina "Athugun á tíðum endurinnlagningum sjúklinga á Kleppsspítala." Rannsóknin náði til sjúklinga er lagðir voru inn á Kleppsspítalann árið 1976, en þó ekki til þriggja flokka sjúklinga sem nánar voru skilgreindir. Nú lagðist ég einmitt inn á spítalann árið 1976 og telst mitt tilfelli engan veginn til þeirra undantekninga er féllu utan við rannsóknina. Um upplýsingarnar sem rannsóknin byggði á segir svo í greininni: "Upplýsingar voru fengnar úr sjúkraskýrslum spítalans". Það er því augljóst að sjúkraskrá mín frá 1976 var notuð en um það vissi ég ekki fyrr en mörgum árum síðar. Ég tel hiklaust að Lárus Helgason hafi þarna gróflega brotið trúnaðarleynd. Þá er vert að muna að vestræn læk­nisfræði hefur tilhneigingu til ofrannsóknna er stundum þjóna í það minnsta umdeilanlegum vísindalegum tilgangi að dómi læknanna sjálfra. Og frami lækna á vísindasviðinu er mældur eftir ritstörfum en til að skrifa þurfa menn að "rannasaka" og þá er stundum leitað í sjúkraskrár. Sjúklingar eiga heimtingu á lagalegri vernd gegn því að læknar noti sjúkraskýrslur þeirra til framdráttar eigin frama eða

sjúklingar þurfi á þennan hátt að gjalda fyrir faglegan ofvöxt fræðigreinarinnar.

Stjórnsýsluskyldur lækna.

Eins og áður getur hafa yfirlæknarnir Tómas Helgason og Hannes Pétursson ekki virt viðlits ítrekaðar beiðnir mínar um afhendingu sjúkraskráa. Þeir gefa engar ástæður fyrir þeirri töf sem orðið hefur á afhendingu eða skýra sjónarmið sín einu orði. Hins vegar les ég það í áliti umboðsmanns alþingis að landlæknir hefur leitað til Tómasar Helgasonar varðandi afhendingu sjúkraskráa til mín. Þannig vitnar umboðsmaður í bréf landlæknis er aftur vitnar til "þriðja svarbréfs" Tómasar, er telur að lögin séu ekki afturvirk. Yfirlæknirinn gerir sem sagt embættismönnum grein fyrir viðhorfum sínum í tilteknu máli þó hann virði borgarann sjálfan ekki viðlits.

Athugum þetta nánar: Lög eru sett um rétt þegnanna gagnvart ýmsum stofnunum samfélagsins. Lögin leggja yfirmönnum stofnana vissar samskiptaskyldur á herðar: Sjúklingar biðja til að mynda skriflega um afhendingu sjúkraskráa og viðkomandi læknir verður því að svara slíkri beiðni og útskýra ef eitthvað stendur í vegi fyrir rétti sjúklingsins. Hirði læknirinn hins vegar ekki um óhjákvæmilegar leikreglur í þessu sambandi óvirðir hann ekki aðeins fullveðja þegna, er leita réttar síns að lögum, heldur gerir blátt áfram að engu þau réttindi manna, sem lögin eiga að tryggja. Hann bregst þannig skyldum sínum og grefur beinlínis undan réttaröryggi þegnanna. Atferli læknisins er því andþjóðfélagslegt. Og þetta gerir hann skýringarlaust í krafti valds. Þessi viðbrögð lækna eru ekki einsdæmi og þekki ég sjálfur fleiri dæmi. Þess vegna er brýnt, ef menn láta sig rétt sjúklunga einhverju skipta, að setja reglur um afgreiðslu lækna á óskum sjúklunga um afhendingu sjúkraskráa.

Rætur þessarar laga.

Í gamla daga datt fáum í hug að biðja um sjúkraskrá sína enda viðbúið að hún væri "öll á latínu". Og þeim fáu, sem mönnum sig upp í þetta, vísuðu læknar á bug. En með tímanum varð réttarvitund almennings næmari og þeir urðu æ fleiri er kröfðust þess að komast í sjúrnala sína. Og læknar gáfu eftir. Þegar þeir sáu ástæðu til leyfðu þeir fólki að lesa sjúkraskrá í viðurvist læknis. Á allra seinustu árum hafa menn jafnvel fengið ljósrit af sjúkraskrá. Af þessu sést að ákvæðið um "afhendingu" sjúkraskráa í formi "afrits" er lögfesting hefðar sem læknar hafa sjálfir skapað með tímanum. Skilyrðið um "ótvíræða hagsmuni sjúklings" er einnig beinlínis komið frá læknum. Í reglum Læknaráðs Landsspítalans um gerð og færslu sjúkraskráa frá 16. mars 1988, segir t.d. í 2. grein: "Sjúklingi skal heimill aðgangur að sjúkraskrá í viðurvist læknis að fenginni heimild þess sérfræðings sem

stundaði hann, enda þjóni það ótvíræðum hagsmunum sjúklings".

Þegar löggjafinn setur lög um réttindi manna varðandi sjúkraskrár lýsir það furðulegri þröngsýni, lítilþægni og skilningsleysi á mannréttindum, að hann skuli láta sér nægja að lögfesta einungis hefðbundin viðhorf lækna í stað þess að hyggja að fleiri sjónarmiðum til að ákvarða sanngjörn og eðlileg réttindi manna í þessum efnum. Slíka kröfu verður að gera til alþingis Íslendinga.

Tillögur og niðurlag greinar.

Eftirfarandi tillögur eru til athugunar. Það þarf að hugsa þær betur.

Alþingi á ekki að samþykkja þá breytingartillögu sem ráðherra hyggst gera á 16. grein lækna laga.

Þess í stað ætti þingið að endurskoða vandlega lög um afhendingu og meðferð sjúkraskráa og hafa samráð við ýmsa aðila, svo sem heimspekideild háskólans og að sjálfsögðu félög sjúklinga og tryggt verði að tekið verði mark á sjónarmiðum þeirra.

Þessara atriða ber helst að gæta hvað rétt sjúklinga varðar að mínum dómi:

Enginn fyrirvari verði á rétti sjúklings til að fá afhenta sjúkraskrá.

Alþingi ákveði geymslutíma og fyrningar sjúkraskráa eins og afhendingu þeirra.

Sjúklingum verði tryggt á líka réttindi um leiðréttingar á sjúkraskrá og eyðingu á henni og eru í 14. grein laga nr. 121 1989 um almennar skrársetningu á persónuupplýsingum. Óháð nefnd skeri úr ágreiningi er upp kann að rísa.

Bannað verði að nota skýrslur í rannsóknar-eða vísindatilgangi nema með skriflegu leyfi sjúklings eða forráðamanna og þeim sé gerð fullnægjandi grein fyrir eðli og tilgangi rannsókna og hverjir fái aðgang að skránum.

Settar verði reglur um meðferð lækna á beiðnum sjúklinga um afhendingu sjúkraskráa.

Að lokum vona ég að alþingismenn hafi hugrekki til að hugsa upp á eigin spýtur við afgreiðslu á 16. grein lækna laga. Og gleymi því ekki að hafa almannaheill að leiðarljósi.

Sigurður Guðbjörnsson

101047-2969